

Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 27. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0088
IAS

Efni: Gilsárvirkjun, matsáætlun

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsett 28. febrúar 2024, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun Gilsárvirkjunar.

Orkusalan ehf. áformar byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar ofarlega í Gilsá í Eiðþinghá í Múlaþingi. Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun sem virkjar 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu slóða og 6.100 m langrar aðrennslispípu og safnlagna. Áætluð efnisþörf er 60.000 m³. Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og kemur með eftirfarandi ábendingar og athugasemdir.

Framkvæmdin er ekki á neinum verndarsvæðum en framkvæmdin kemur til með að hafa áhrif á bæði fossa og votlendi, 20.000 m³ að flatarmáli eða stærri, sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Fjalla þarf um þá fossa sem um er að ræða og áhrifin sem framkvæmdin mun hafa á þá og ásýnd þeirra. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er votlendi á framkvæmdasvæðinu en þess ber að geta að skekkja getur verið í vistgerðakortinu þegar það er notað á svo nákvæmum mælikvarða og því er líklegt að mat á votlendi sem raskast við framkvæmdina sé ekki alveg nákvæmt. Því er nauðsynlegt að gróður verði kortlagður og metið hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á votlendi og aðrar vistgerðir með hátt verndargildi. Þá þarf að kanna hvort sjaldgæfar plöntutegundir finnast á svæðinu.

Almennt þarf að gera betur grein fyrir breytingum sem verða á landslagi með tilkomu virkjunarinnar, sérstaklega á pípuleiðinni vegna lagfæringa og breytinga á slóða upp dalinn og vegna hliðarinntaka í Ytri- og Innri_Lambadalsá.


Jákvætt er að fyrirhugað er að Náttúrustofa Austurlands geri frekari rannsókn á áhrifum á straumönd sem er ábyrgðartegund Íslands. Áhrif virkjunar á annað lífríki í Gilsá er einnig líklegt til að hafa áhrif á straumendur og því er æskilegt að botndýralíf í Gilsá verði einnig kannað og hversu mikil áhrif rennslisbreytinga á það lífríki geti orðið. Þá þarf að fjalla betur um vöktun á áhrifum sem framkvæmdin hefur á lífríki Gilsár.

Talið er að heildarefnisþörf við virkjunarframkvæmdirnar, umfram það efni sem fæst úr skurðum og skeringum, verði um 60.000 m³. Það efni á að koma úr námum í dalnum en gera



þarf betur grein fyrir umfangi efnistökkunnar á hverjum stað. Þar sem líklegt er að jökulruðningur og aðrar setmyndanir verði fyrir raski er rétt að fram komi hvar þær námur eru og hversu mikið rask á jarðminjum verður utan framkvæmdasvæðisins. Laus jarðlög og jarðgrunnur hafa ekki sterka verndarstöðu í lögum um náttúruvernd en eru engu að síður mikilvægur hluti fyrir jöklunarsögu svæða og fyrir jarðsögu landsins. Ekki er hægt að endurheimta setlög og landform ef þeim hefur verið raskað.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Ingvar Atli Sigurðsson". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the end.

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

